

Bráðabirgðalög

um

heimild handa ráðherra Íslands til ákvörðunar sjerstaks tímareiknings.

Nr. 3.

4. ág.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Íslands ráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna óvenjulega hás verðs ljósmetis á Íslandi sje brýnt nauðsynlegt að innfæra sjerstakan tímareikning þannig, að klukkan verði færð fram um alt að hálfri annari klukkustund, en með því mundi nokkurn tíma ársins sparast allmikið ljósmeti. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að heimila ráðherra Íslands með bráðabirgðalögum samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915 að setja með reglugjörð ákvæði um breytingu á tímareikningnum.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að ákveða með reglugjörð breytingu á tímareikningi á Íslandi þannig, að klukkan verði færð fram um alt að $1\frac{1}{2}$ klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma og verði þá 1 klukkustund og 58 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 4. ágúst 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.